

SAMÞYKKTIR KNATTSPYRNUFÉLAGSINS VALS

Breytingatillögur bornar fram á aðalfundi félagsins þann 21. maí 2025

Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Vals leggur fram eftirfarandi breytingatillögur á samþykktum félagsins.

1. Breytingatillaga á 4. grein - Aðild að heildarsamtökum

Aðalstjórn gerir tillögu að breytingu á eftirfarandi ákvæði:

„Félagið er ~~deild í K.F.U.M. og~~ aðili að Í.S.Í. og sérsamböndum þess, eftir því sem við á hverju sinni.“

Tillagan aðalstjórnar er að taka út ofangreinda yfirstrikun.

Greinargerð með tillögunni:

Sú skipan 4. grein gildandi samþykkt að Knattspyrnufélagið Valur sé deild í K.F.U.M á sér sögulegar rætur. Efnisleg þýðing þess er hins vegar enginn. Ekkert eiginlegt samstarf er með þessum tveimur félögum og hefur ekki verið um langa hríð. Er raunar alls óljóst hver merking þess sé að Valur sé deild í K.F.U.M. Er því einboðið að samþykktunum verði breytt með þessum hætti.

2. Breytingatillaga á 2. mgr. 5. grein - Félagar, félagaskrá og félagsgjöld

Aðalstjórn gerir tillögu að breytingu á eftirfarandi ákvæði:

„~~Framkvæmdastjóri~~ Félagið skal halda félagaskrá á tölvutæku formi.“

Tillaga aðalstjórnar er að taka út ofangreinda yfirstrikun og bæta við rauðletruðu.

Greinargerð með tillögunni:

Breyting þessi þykir ekki kalla á sérstakar skýringar.

3. Breytingatillaga á 8. grein - Aðalfundir félagsins, fundartími, framboð til stjórna, boðun og breytingar á samþykktum

Aðalstjórn gerir tillögu að bæta nýrri málsgrein við 8. gr. samþykkt félagsins. Sem verður 2. mgr. 8. gr. og er svohljóðandi:

„Hver félagsmaður á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar og ákvörðunar á aðalfundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu þar um eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.“

Greinargerð með tillögunni:

Ákvæði sambærilegt þessu er í 1. mgr. 86. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Það er alkunna að svokölluð almenn félög eins og Knattspyrnufélagið Valur eru sérstaklega berskjölduð fyrir ófyrirséðu inngripi af ýmsum toga enda er starfsemi þeirra ekki varinn með sambærilegu

regluverki og t.a.m. á við í tilviki hlutafélaga. Við þessu er séð í 8. gr. nógildandi samþykktu með því að tillögur um breytingar á samþykktum og framboð til stjórnar skulu hafa borist félaginu með ákveðnum fyrirvara fyrir aðalfund. Er með þessari tillögu lagt til að sama muni eiga við um málefni/tillögur sem félagsmenn vilja bera upp á aðalfundi og ætluð eru að binda félagið og stjórnendur þess efnislega. Það er hins vegar lögð á það áhersla að eftir sem áður og óháð þessari tilhögun, verði hún samþykkt, er einstökum félagsmönnum frjálst að taka upp á aðalfundi til umræðu hvert það mál sem þeir kjósa og tengist félaginu og starfsemi þess í víðtækum skilningi

4. Breytingatillaga á 9. grein - Dagskrá aðalfundar

Aðalstjórn gerir tillögu að breytingum á eftirfarandi ákvæði:

„Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- 1. Formaður félagsins setur fundinn.*
- 2. Kosinn fundarstjóri.*
- 3. Kosinn fundarritari.*
- 4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.*
- 5. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.*
- 6. Framkvæmdastjóri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið starfsár til samþykktar.*
- 7. Framkvæmdastjóri félagsins leggur fram rekstraráætlun næsta starfsárs.*
- 8. Breytingar á samþykktum sbr. 8., 10. og 22. gr.*
- 9. Kosinn formaður **til tveggja ára í senn.***
- 10. Kosnir ~~átta~~ **níu** stjórnarmenn en **fjórir** þeirra skulu jafnframt vera kosnir formenn deildarstjórnar barna- og unglingasviðs, **knattspyrnudeildar**, handknattleiksdeildar og körfuknattleiksdeildar. **Aðalstjórnarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn.***
- 11. Kosnir þrír til sex stjórnarmenn í stjórn hvernar deildar ~~fyrir utan knattspyrnudeild.~~ Heimilt er einnig að kjósa allt að 5 varastjórnarmenn fyrir hverja deild ~~fyrir utan knattspyrnudeild.~~*
- 12. Kosnir þrír til sex stjórnarmenn í minjanefnd félagsins*
- 13. Kosinn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag ~~og einnig 2 félagslegir skoðunarmenn.~~*
- 14. Önnur mál.“*

Tillaga aðalstjórnar er að taka út ofangreindar yfirstrikanir og bæta við rauðlettruðum orðum.

Greinargerð með tillögunni:

Varðandi breytingu á 9. og 10. tl. 9. gr.: Með núverandi fyrirkomulagi þar sem að allir stjórnarmenn og aðrir trúnaðarmenn félagsins eru kjörnir til aðeins eins árs í senn er hætta á því að skorti á ákveðna festu og samfellu í stefnumótun og starfsemi félagsins. Er lagt til að við þessu verði brugðist með þeim hætti að formaður félagsins og einstakir stjórnarmenn

aðalstjórnar, þ.m.t. formenn félagsdeilda verði kjörnir til tveggja ára í senn, sbr. samhljóða breyting á 10. tölulið greinarinnar. Til álita kom að láta breytingu þessa jafnframt ná til stjórnarmanna einstakra deilda. Frá því var þó horfið að sinni en slík breyting kæmi til greina gefist vel sú tilhögun kjörs til aðalstjórnar sem hér er lögð til.

Til þess að sú óheppilega staða skapist ekki, nái tillagan fram að ganga, að allir stjórnarmenn í félaginu séu kjörnir til sama tíma er með bráðabirgðaákvæði við samþykktirnar lagt til að við fyrsta stjórnarkjör á aðalfundi eftir breytingu samþykktarinnar verði hluti aðalstjórnarmanna kjörinn til eins árs en hluti til tveggja ára. Eðli málsins samkvæmt yrði sú tilhögun aðeins viðhöfð við fyrsta kjör en eftir það gildi tveggja ára reglan án afbrigða.

Varðandi breytingu á 11. tl. 9. gr.: Helgast tillaga sú sem hér er lögð til af þeirri breytingu sem lögð er til með því að hætt verði að halda sérstakan haustfund (aðalfund) vegna knattspyrnudeildar og viðfangsefni hans sameinað hinum reglulega aðalfundi félagsins. Vísast hér nánar um til skýringa við þá tillögu að felld verði úr gildi 12. gr. gildandi samþykkt um haustfund félagsins vegna kosningar í deildarstjórn knattspyrnudeildar.

Varðandi breytingu á 13. tl. 9. gr.: Með þessu er lagt til að á brott falli fyrimæli þess efnis að auk kjörs löggilts endurskoðanda skuli kjörnir tveir félagslegir skoðunarmenn. Fyrimæli þar að lútandi hafa í raun ekki haft neina þýðingu um áratugaskeið og ekki vitað til þess að nein skoðun hafi á þeim tíma farið fram á ársreikningi félagsins eða starfsemi af hálfu þeirra aðila. Þykja hagsmunir félagsins nægilega tryggðir með aðkomu löggilts endurskoðanda.

5. Breytingatillaga á 11. grein - Kjörgengi, atkvæðisréttur og tillöguréttur á aðalfundi félagsins.

Aðalstjórn gerir tillögu að breytingu á eftirfarandi ákvæði:

„Allir skuldlausir félagsmenn ~~16~~¹⁸ ára og eldri hafa kjörgengi til stjórnarstarfa, atkvæðisrétt, tillögurétt og málfrlsi á aðalfundi félagsins.“

Tillaga aðalstjórnar er að taka út ofangreindar yfirstrikanir og bæta við rauðletruðum orðum.

Greinargerð með tillögunni:

Lagt er til að 11. grein verði breytt þannig að í stað 16 ára aldurs verði miðað við 18. ára aldur sem er hinn almenni lögræðisaldur samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997.

6. Tillaga um að fella niður 12. grein - Haustfundur félagsins vegna kosningar í deildarstjórn knattspyrnudeildar

Aðalstjórn gerir tillögu að fella niður eftirfarandi ákvæði:

*~~„12. grein – Haustfundur félagsins vegna kosningar í deildarstjórn knattspyrnudeildar
Halda skal haustaðalfund félagsins milli 15. október og 30. nóvember ár hvert. Dagskrá
haustfundar skal vera sem hér segir:
1. Formaður félagsins setur fundinn.“~~*

~~2. Kosinn fundarstjóri.~~

~~3. Kosinn fundarritari.~~

~~4. Kosinn formaður deildarstjórnar knattspyrnudeildar sem jafnframt tekur sæti í aðalstjórn.~~

~~5. Kosnir þrír til sex stjórnarmenn í deildarstjórn knattspyrnudeildar. Heimilt er einnig að kjósa allt að 5 varastjórnarmenn.~~

~~6. Önnur mál.“~~

Greinargerð með tillögunni:

Sú tilhögun að halda sérstakan haustfund til þess að kjósa í deildarstjórn knattspyrnudeildar, og kljúfa þannig upp eiginleg aðalfundarstörf, helgaðist á sínum tíma af því að óeðlilegt þótti að kjósa til þeirra starfa að vori þegar keppnistímabil í knattspyrnu væri nýhafið. Væri það ekki heppilegt tímamark til þess að standa mannaskiptum í stjórn og trúnaðarstöður knattspyrnudeildar. Þessi tilhögun hefur hins vegar ekki gefist sem skyldi. Í fyrsta lagi er það óæskileg tilhögun í sjálfu sér að kljúfa upp aðalfund félagsins eftir árstíðum með þessum hætti. Í öðru lagi hefur þessi tilhögun ekki gefist sem skyldi þar sem haustfundur hefur í framkvæmd orðið að hreinum afgreiðslufundi um kjör stjórnarmanna en ekki vettvangur umræðu um málefni knattspyrnudeildar og tengsl þeirra við aðra starfsemi félagsins. Í þriðja lagi hefur sú breyting nú orðið að keppnistímabil í knattspyrnu hefur lengst verulega. Hefur keppni á Íslandsmóti t.d. staðið í nærfellt tvo mánuði þegar reglulegur aðalfundur félagsins er haldinn fyrir maílok. Að þessu gættu er lagt til að fallið verði frá núverandi tilhögun og öll aðalfundarstörf sameinuð á hinum reglulega aðalfundi að vori. Þykir ekki viðurhlutamikið að ætla knattspyrnudeild að aðlaga starfsemi sína, þar með talið kjör í stjórn, slíkri breytttri tilhögun.

7. Tillaga að uppfæra heiti á 13. og 14. grein til samræmis við brottfall 12. grein.

Aðalstjórn gerir að tillögu að núverandi 13. grein verði 12. grein og að núverandi 14. grein verði 13. grein.

8. Breytingatillaga á 15. grein - Skipan aðalstjórnar.

Aðalstjórn gerir tillögu að breytingu á eftirfarandi ákvæði:

„Aðalstjórn skipa tíu menn, formaður félagsins sem kosinn er á aðalfundi og níu meðstjórnendur kjörnir á aðalfundi og haustfundi, sem skipta með sér verkum þannig: varaformaður, fjórir meðstjórnendur auk formanna deildarstjórna barna- og unglingasviðs, knattspyrnudeildar, handknattleiksdeildar og körfuknattleiksdeildar.“

Tillaga aðalstjórnar er að taka út ofangreindar yfirstrikun.

Greinargerð með tillögunni:

Um þá tillögu að fella úr 1. mgr. 15. gr. samþykktu orðin og haustfundi vísast til skýringa til skýringa við 9. og 12. gr.

9. Breytingatillaga á 16. grein - Um starfssvið framkvæmdastjóra.

Aðalstjórn gerir tillögu að breytingu á eftirfarandi ákvæði:

„Framkvæmdastjóri er ráðinn af aðalstjórn og starfar í umboði hennar. Framkvæmdastjóri ræður allt annað starfsfólk, þ.m.t. starfsfólk skrifstofu, þjálfara, leikmenn og umsjónarfólk húsnæðis. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem aðalstjórn hefur gefið. Hann hefur ásamt formönnum deildarstjórna umsjón með gerð rekstraráætlana fyrir félagið og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá aðalstjórn, nema ekki sé unnt að biðja ákvarðana aðalstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal aðalstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Aðalstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.“

Aðalstjórn gerir auk þess tillögu að við 16. gr. bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og er svohljóðandi:

„Samningar sem gerðir eru fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Vals og/eða einstakra deilda þess um hvað eina skulu staðfestir með áritun framkvæmdastjóra. Ella skuldbinda þeir ekki félagið.“

Tillaga aðalstjórnar er að bæta við ofangreindum rauðletruðu orðum sem og að bæta við ofangreindri nýrri málsgrein.

Greinargerð með tillögunni:

Með þessari breytingu er annars vegar skýrt með fyllri hætti að það er formlega séð á hendi framkvæmdastjóra félagsins eins að ráða starfsfólk, hverju nafni sem það nefnist, þ.m.t. þjálfara og leikmenn. Hins vegar er áréttað að áætlanagerð sé sameiginlega á hendi framkvæmdastjóra og deildarstjórna þó svo framkvæmdastjóri beri ábyrgðina á því að áætlanir séu gerðar.

Varðandi nýja málsgrein þá hefur ákvæði þessa efnis hafa verið í samþykktum félagsins, sbr. fyrirmælin í 2. málslíð 4. mgr. 17. gr. Því miður hefur ítrekað brugðið út af því að þessi fyrirmæli séu virt. Ekki þörf á því að röstyðja ítarlega nauðsyn áréttingar reglu af þessum toga sem er algjörlega nauðsynleg í þeim viðkvæma rekstri sem félag eins og Valur stendur að. Svo sem ráðið verður af orðana hljóðan tekur reglan til allra samninga sem ætlað er að skuldbinda Knattspyrnufélagið Val fjárhagslega, þ.m.t. samninga við þjálfar, leikmenn og iðkendur, alla starfs- og verksamninga o.s.frv.

10. Breytingatillaga á 22. grein - Félagsslit.

Aðalstjórn gerir tillögu að fella niður eftirfarandi texta ákvæðis 22. gr. samþykktar:

~~„Verði félagið í heild óstarfhæft í 5 ár samfleytt, skal því slitið. Við félagsslitin skulu eignir þess renna til K.F.U.M. í Reykjavík, sem skal ráðstafa þeim til íþróttar- og eða æskulýðsstarfa innan vébanda sinna. Ekki má breyta 1. og 22. grein samþykktar félagsins.“~~

Og að eftirfarandi texti komi í staðin:

„Verði félagið í heild óstarfhæft í 5 ár samfleytt, skal því slitið og skulu eigur þess þá renna til Hlíðarenda ses.“

Greinargerð með tillögunni:

Í 22. gr. gildandi samþykktar er ráðgert að við félagsslit skuli eignir félagsins renna til K.F.U.M. í Reykjavík sem skuli ráðstafa þeim til íþróttar- eða æskulýðsstarfa innan vébanda sinna. Um röksemdir fyrir þessari breytingatillögu vísast m.a. til umfjöllunar um breytta fjórðu grein samþykktanna. Engin eignatengsl eða eiginlegt samstarf er lengur með þessum tveimur félögum og hefur ekki verið um langa hríð. Árið 2013 stofnaði Knattspyrnufélagið Valur sjálfseignarstofnunina Hlíðarenda til þess að annast umsýslu allra eigna félagsins. Liggur því beint við, komi til félagsslita af þeim ástæðum sem nefndar eru í greininni, að eignir félagsins renni til sjálfseignarstofnunarinnar.

11. Breytingatillaga á 23. grein - Siðanefnd.

Aðalstjórn gerir tillögum að við samþykktirnar bætist nýtt ákvæði sem verður svohljóðandi:

„Á vettvangi félagsins og um starfsemi þess gilda sérstakar siðareglur sem samþykktar skulu vera á aðalfundi félagsins.“

Á grundvelli reglnanna skal á hverjum tíma starfa sérstök þriggja manna siðanefnd. Hana skipa starfandi íþróttafulltrúi félagsins og tveir fyrrverandi aðalstjórnarmenn sem kjörnir skulu til tveggja ára í senn af aðalstjórn félagsins á hverjum tíma.“

Greinargerð með tillögunni:

Á vettvangi félagsins gilda siðareglur auk þess sem siðanefnd er starfandi (<https://www.valur.is/um-val/sidareglur.aspx>). Á hinn bóginn hafa engin fyrirmæli verið þ.a.l. í samþykktum svo sem eðlilegt má teljast. Er með þessu lögð til bragarbót þar á. Samhliða þessari breytingu samþykktar verði bornar upp til samþykktar aðalfundar siðareglur fyrir félagið. Þá er í 2. mgr. lögð til ákveðin skipan siðanefndar á hverjum tíma.

12. Tillaga að uppfæra heiti á 23., 24. og 25. grein til samræmis við nýja 22. grein.

Aðalstjórn gerir að tillögu að núverandi 23. grein verði 24. grein, að núverandi 24. grein verði 25. grein og að núverandi 25. grein verði 26. grein.

13. Breytingatillaga á 25. grein (áður 24. grein) - Breytingar á samþykktum.

Aðalstjórn gerir að tillögu að bæta við nýrri málsgrein sem verður 1. mgr. 25. gr og er svohljóðandi:

„Ekki má breyta 1. og 22. grein samþykktu þessara.“

Tillaga aðalstjórnar er að bæta við ofangreindri rauðletraði málsgrein.

Greinargerð með tillögunni:

Regla þessi um bann við breytingu á tilgreindum greinum samþykktu er nú í niðurlagi 22. gr. Betur þykir fara á því að ákvæðið verði í þessari grein sem fjallar um breytingar á samþykktum

14. Ákvæði til bráðabirgða

Aðalstjórn gerir tillögu að eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða vegna breytinga á samþykktum á aðalfundi 2025– Kjör formanns, aðalstjórnar og stjórnarmanna í deildum:

„Ákvæði samþykktu þessara um kjör stjórnarmanna aðalstjórnar og deilda skal hagað í samræmi við breyttar samþykktir að loknum aðalfundi 2025.

Umboð núverandi formanns og stjórnarmanna knattspyrnudeildar til stjórnarsetu, en þeir voru kjörnir á haustfundi 2024, framlengist til aðalfundar félagsins 2026.

Á fyrsta aðalfundi félagsins sem haldinn verður að samþykktum þessum breyttum skal haga kjöri stjórnarmanna, samkvæmt 10. tölulið 9. gr. þannig að þír meðstjórnendur skulu kjörnir til eins árs sem og formenn deildarstjórna barna- og unglingasviðs og körfuknattleiksdeildar. Aðrir aðalstjórnarmenn, þ.m.t. formenn deildarstjórna knattspyrnu- og handknattleiksdeilda skulu kjörnir til tveggja ára.

Að öðru leyti öðlast breytingar þessar á samþykktum félagsins þegar gildi.“

Greinargerð með tillögu:

Fyrstu tvær málsgreinar ákvæðis til bráðabirgða þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Að tilurð 3. mgr. ákvæðisins er vikið í skýringum við tillögu um breytingar á 9. og 10. tölulið 9. gr. Er tilgangurinn sá að afstýra því að upp komi sú staða að kjörtímabil allra aðalstjórnarmanna falli saman með þeirri hættu að þeir gangi allir úr stjórn á sama tímamarki. Væri þá ver af stað farið en heima setið. Er ákvæðinu til bráðabirgða, eðli málsins samkvæmt, aðeins ætlað að gilda við fyrsta kjör til aðalstjórnar eftir breyttum reglum. Eftir það verða stjórnarmenn kjörnir á aðalfundum hverju sinni að afloknu tveggja ára kjörtímabili hvers og eins og til tveggja ára hverju sinni svo sem breyttar samþykktir munu mæla fyrir um.

Fjórða málsgrein þarfnast ekki sérstakra skýringa.